

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar 27.01.2017

Fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar og VG um uppbyggingu nýs hjúkrunarheimilis á Sólvangssvæðinu

1. Hver er ástæða þess að Hafnarfjarðarbær, eitt þeirra 10 sveitarfélaga sem farið hafa svokallaða leiguleið við uppbyggingu hjúkrunarheimila, hefur ákveðið að fela Sjúkratryggingum Íslands að fá einkaaðila til að sjá um rekstur heimilisins í stað þess að sjá sjálf um reksturinn eins og hin 9 sveitarfélögin hafa gert?
2. Undanfarin ár hefur það verið sameiginleg sýn bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að færa beri sem mest af nærþjónustu við íbúana til sveitarfélagsins. Málefni aldra hafa jafnan verið nefnd sem sá málaflokkur sem næst skuli flytja til sveitarfélaga. Þýðir sú ákvörðun að segja sig frá rekstri hjúkrunarheimilisins að horfið hafi verið frá þessari stefnu?
3. Þar sem Hafnarfjarðarbær hefur sagt sig frá rekstri hjúkrunarheimilisins, eins og fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir, er þá ekki rétt að ríkið taki að sér byggingarframkvæmdir sem öllu jöfnu er verkefni ríkisins?
4. Liggur fyrir núna hvaða stefna eða hugmyndafræði muni liggja til grundvallar rekstri hjúkrunarheimilisins og mun hönnun heimilisins taka mið af þeirri hugmyndafræði?
5. Í þeim áætlunum sem nú er unnið með, er búið að tryggja fjármögnun enduruppbyggingar gamla Sólvangs með viðbótarhjúkrunarrýmum þar eins lagt var upp með í upphafi?